

## Senda vottorð til Heilsuveru


Almennt vottorð nr. 31

V-vinna fjarvistir nr. 33


Nú er hægt að senda tvö vottorð rafrænt til heilsuveru-notenda. Vottorðin sem hægt er að senda eru „**Almennt vottorð**“ nr. 31 og „**V-vinna fjarvistir**“ nr. 33. Farsímanúmer skjólstæðings verður að vera skilgreint í Persónuupplýsingum til þess að hægt sé að senda vottorðin til heilsuveru.

### Virkni í Sögu:


Vottorð nr. 31 og/eða nr. 33 er sett í samskipti og notandi skráir í vottorðið það sem þarf og staðfestir. Til þess að senda vottorðið til heilsuveru er smelt á „Rafræna“-sendingarhnappinn. Hægt er að skrifa skilaboð í gluggann sem kemur upp og loks er smelt á „Senda“.



Heilsuveru-notandi fær SMS og/eða tölvupóst um að hans bíði skilaboð á vefnum heilsuvera.is. Hann skráir sig inn á vefinn með rafrænum skilríkjum og sér að hann á ný skilaboð í valmyndinni „Samskipti“.



Heilsuveru-notandinn smellir á skilaboðin og opnar skjalið á tölvunni sinni.



Með kveðju  
Origo Heilbrigðislausnir